

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. janúar, 2021

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr.65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta). Mál nr. 15/2021.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins,



Kristín S. Hjálmtýsdóttir
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS

um

áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta). Mál nr. 15/2021.

Almennt

Rauði krossinn þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindum áformum.

Rauði krossinn stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að skaðaminnkun, m.a. með Frú Ragnheiði í Reykjavík og Suðurnesjum og Ungfrú Ragnheiði á Akureyri. Félagið hefur jafnframt beitt sér almennt varðandi ýmis hagsmunamál fólks sem notar ávana- og fíkniefni. Félagið er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði mannúðaraðstoðar, sem hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans auk stjórnvalda og fjölda samstarfsaðila hér á landi.

Umsögn um áformin

Rauði krossinn fagnar því að heilbrigðisráðherra hafi áform um að leggja fram frumvarp um afgangsvæðinguna á vörslu neysluskammta.

Með afgangsvæðinguna á vörslu neysluskammta myndi Ísland bætast í hóp þeirra ríkja sem hafa afgangsvætt vörslu vímuefna með ólíkum aðferðum, þar sem mannúðleg nálgun er höfð að leiðarljósi gagnvart neytendum vímuefna.

Rauði krossinn telur mikilvægt að notendur vímuefna hafi greiðan aðgang að heilbrigðis- og velferðarþjónustu, án fordóma og jaðarsetningar. Bæði notendur vímuefna og það starfsfólk heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar sem starfar með þeim þurfa að geta rætt opinskátt um mál sín án þess að eiga það á hættu að nauðsynleg velferðarmál geti jafnframt talist refsiverð athæfi, þ.e.a.s. mál tengd neyslu vímuefna og vitneskja um neysluskammta.

Rauði krossinn vill jafnframt beina því til stjórnvalda að haft verði í huga við skilgreiningu á stærð neysluskammta að slíkt verði unnið í samráði við notendur.

Lokaorð

Rauði krossinn lýsir sig fúsan til samstarfs með þann stuðning sem félagið getur veitt. Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að funda með ráðherra og starfsfólki heilbrigðisráðuneytis til frekari viðræðna um áformin auk þess að leggja fram gögn og rannsóknir.